



Hitaveita Suðurnesja hf  
Albert Albertsson  
aðst. forstjóri  
Brekustíg 36  
260 NJARÐVÍK

Reykjavík, 07. desember 2007  
Tilvísun: 2007110016  
Bréfalykill: 50.30.1  
Verknúmer: 4123002

**Efni: Dreifiveitusvæði á Selfossi og nágrenni þess**

Orkustofnun hefur mótttekið erindi Hitaveitu Suðurnesja, dags. 19. nóvember s.l., þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um rétt Hitaveitu Suðurnesja til dreifingar á raforku á tilteknu svæði í Árborg og um leið hvernig hagsmuna neytenda verði best gætt.

Orkustofnun hefur eftirlitshlutverki að gegna skv. 24. gr. raforkulaga. Stofnunin kemur ekki beint að málum er varða afmörkun dreifiveitusvæða, en vill taka eftirfarandi fram:

Samkvæmt 13. gr. raforkulaga nr. 64/2003 þarf leyfi ráðherra til að reisa og reka dreifiveitukerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði. Við gildistöku laganna var miðað við að veitusvæði yrðu óbreytt frá því sem var fyrir tilkomu laganna. Ráðherra einn tekur ákvörðun um breytingu dreifiveitusvæða.

Eitt af markmiðum raforkulaga er að stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku. Þetta ákvæði tekur til heildarkostnaðar, þ.e. kostnaðar sem dreifiveitur bera svo og notendur. Hlutverk Orkustofnunar er m.a. að hvetja til og tryggja að skilvirkni og hagkvæmni sé gætt við uppbyggingu veitukerfa og reksturs þeirrar. Orkustofnun telur að það sé að öllu jöfnu hagkvæmara að stækka dreifikerfi sem til staðar er en að byggja nýtt. Þá telur stofnunin óheppilegt að mismunandi gjaldskrár fyrir dreifingu séu í gildi fyrir sambærilega raforkunotkun í sömu hverfum.

Samkvæmt raforkulögum er Orkustofnun falið að fylgjast með rekstraröryggi veitukerfa. Afhendingaröryggi raforku er mikilvægt atriði, sem hafa þarf í huga við uppbyggingu veitukerfa og við rekstur þeirra. Kröfur notenda hvað þetta varðar eru sífellt að aukast. Orkustofnun telur tvímælalaust akk í því fyrir raforkunotendur að njóta skjótvirkrar rekstrar- og bilanþjónusta.

Orkustofnun véfengir ekki þær tölulegu upplýsingar um gjaldskrár sem fram koma í erindi Hitaveitu Suðurnesja.

Virðingarfyllst

Ívar Þorsteinsson

rafmagnsverkfræðingur

*Afrit sent til:*

Iðnaðarráðuneytis, Guðjóns A. Guðjónssonar